

Menningarmálanefnd.

Fundargerð fundar, menningarmálanefndar Skaftárhrepps.

Fundurinn haldinn 23. febrúar 2023 í Þekkingarsetrinu Kirkjubæjarklaustri og

hófst klukkan 17.00.

Mætt voru:

Jón Geir Ólafsson, Anna Magdalena Buda, Gunnar Erlendsson

Gestir á fundinum voru Einar K Jónsson, sveitarstjóri og Svavar Sigurðson Tónlistarskólastjóri.

Einar sagði okkur að til stæði að halda fund sem íþrótt og æskulýðsnefnd mun boða okkur í menningarmálanefnd á, vegna hátíðarhalda á sumardagsins fyrsta og 17. júní.

Einar benti okkur á að tala við Ísólf Haraldsson vegna viðburða þar sem útvega þarf listamenn og einnig vegna bíósýninga.

Einnig sagði Einar okkur hvað við hefðum af peningum að móða úr og hvatti okkur til að fylgjast með og sækja um styrki sem í boði eru.

Svavar ræddi ýmis menningartengdmál og viðburði sem vert væri að skoða, hann er tilbúinn til að vera okkur innanhandar með að útvega listamenn og aðstoða okkur með viðburði.

Skaftfellingakórinn kemur í apríl.

Formannni falið að tala við Björk á bókasafninu vegna viðburða sem gætu tengst safninu.

Uppskeruhátíð dagsett 16. til 22. október næstkomandi, núna er það Síðan og Klaustur sem mun taka á móti gestum á laugardeginum Ákveðið að leita að listamanni (mönnum) til að koma til okkar á föstudagskvöldinu 20.okt. Einnig var akveðið að auglýsa hátíðina fljótlega.

Rædd hugmynd um að halda fund í mars.

Fleira ekki gert,

fundi slitið kl 19.00.